

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/590

2022/EES/4/01

frá 28. júlí 2016

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 9. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að lögbær yfirvöld geti greint gögn á skilvirkan hátt ætti að hafa samræmi í stöðlum og sniðum sem eru notuð þegar gefin er skýrsla um viðskipti
- 2) Að teknu tilliti til markaðsvenja, reynslu af eftirliti og markaðspróunar ættu viðskipti að hafa víða merkingu hvað varðar skýrslugjöf. Þau ættu að taka til kaupa og sölu tilkynningarskyldra gerninga og jafnframt til annars konar öflunar eða ráðstöfunar tilkynningarskyldra gerninga að því marki sem slík viðskipti geta einnig orðið tilefni markaðssvika. Enn fremur kunna breytingar á grundvallarfjárhæð að valda áhyggjum af hugsanlegum markaðssvikum þar sem þær eru svipaðs eðlis og viðbótarkaup eða söluviðskipti. Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að greina þessar breytingar frá öðrum kaupum eða sölu ætti sérstaklega að greina frá upplýsingum um þessar breytingar í viðskiptaskýrslum.
- 3) Hugtakið „viðskipti“ ætti ekki að fela í sér aðgerðir eða atburði sem ekki þarf að skýra lögbærum yfirvöldum frá vegna markaðseftirlits. Til að tryggja að upplýsingar um slíkar aðgerðir eða atburði séu ekki teknar með í viðskiptaskýrslur ætti sérstaklega að undanskilja þær frá merkingu hugtaksins „viðskipti“.
- 4) Til að skýra hvaða verðbréfafyrirtækjum beri skylda til að tilkynna viðskipti ætti að tilgreina þá starfsemi og þjónustu sem leiðir til viðskipta. Til samræmis við það ætti verðbréfafyrirtæki að teljast framkvæma viðskipti þegar það veitir þjónustu eða annast starfsemi sem um getur í 1., 2. og 3. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB <sup>(2)</sup>, tekur fjárfestingarákvörðun í samræmi við sérstakt umboð til ákvarðanatöku frá viðskiptavini eða yfirfærir fjármálagerninga af reikningum eða á þá, að því tilskildu að slík þjónusta eða starfsemi hafi í öllum tilvikum leitt til viðskipta. Í samræmi við 4. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ættu verðbréfafyrirtæki sem teljast hafa miðlað fyrirmælum sem leiða til viðskipta ekki að teljast hafa framkvæmt þau viðskipti.
- 5) Til að komast hjá því að verðbréfafyrirtæki sem miðla fyrirmælum sín á milli skýri ekki frá eða skýri tvisvar frá viðskiptum ættu verðbréfafyrirtækið sem hyggst miðla fyrirmælunum og fyrirtækið sem tekur við þeim að koma sér saman um hvort móttökufyrirtækið muni skýra frá öllum upplýsingum um viðskiptin sem þar af leiðir eða miðla fyrirmælunum áfram til annars verðbréfafyrirtækis. Þegar ekkert samkomulag er fyrir hendi skal líta svo á að fyrirmælunum hafi ekki verið miðlað og að hvert verðbréfafyrirtæki skuli leggja fram eigin viðskiptaskýrslu sem hefur að geyma [allar] upplýsingarnar um viðskiptin sem hvert verðbréfafyrirtæki tilgreinir. Enn fremur ættu upplýsingarnar um fyrirmælin sem miðla skal á milli fyrirtækja að vera tilgreindar til að tryggja að lögbær yfirvöld fái upplýsingar sem skipta máli og eru nákvæmar og ítarlegar.
- 6) Til að tryggja áreiðanlega og skilvirka auðkenningu verðbréfafyrirtækja sem bera ábyrgð á framkvæmd viðskipta ættu þessi fyrirtæki að tryggja að þau séu auðkennd í viðskiptaskýrslunni sem lögð er fram samkvæmt skyldu þeirra til að tilkynna viðskipti og nota til þess auðkenni lögaðila sem eru fullgild, útgefin og endurnýjuð á viðeigandi hátt.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

- 7) Til að tryggja samræmda og trausta auðkenningu einstaklinga sem um getur í viðskiptaskýrslum ætti að auðkenna þá með því að tengja saman ríkisfangsland þeirra og svo auðkennið sem ríkisfangsland þeirra úthlutaði þeim. Þegar þessi auðkenni eru ekki tiltæk ætti að auðkenna einstaklinga með auðkennum sem búin eru til með því að tengja saman fæðingardag og -ár og nafn.
- 8) Til að greiða fyrir markaðseftirliti ætti auðkenning viðskiptavina að vera samræmd, einkvæm og traust. Viðskiptaskýrslur ættu því að hafa að geyma fullt heiti og fæðingardag og -ár viðskiptavina sem eru einstaklingar og auðkenna ætti viðskiptavini sem eru lögaðilar með auðkenni lögaðila.
- 9) Einstaklingar eða tölvualgrím sem taka viðskiptaákvörðanir geta valdið markaðssvikum. Til að tryggja skilvirkt markaðseftirlit þegar einstaklingur, annar en viðskiptavinur, eða tölvualgrím tekur fjárfestingarákvörðanir ætti því að auðkenna einstaklinginn eða algrímið í viðskiptaskýrslunni með einkvæmum, traustum og samræmdum auðkennum. Þegar fleiri en einn einstaklingur í verðbréfafyrirtæki taka fjárfestingarákvörðun ætti að auðkenna í skýrslunni þann sem ber megin ábyrgð á ákvörðuninni.
- 10) Einstaklingar eða tölvualgrím sem ákvarðar hvaða vettvang skuli nota eða til hvaða verðbréfafyrirtækis fyrirmælunum skuli miðlað eða önnur skilyrði sem varða framkvæmd fyrirmælanna gæti því verið uppruni markaðssvika. Til að tryggja skilvirkt markaðseftirlit ætti því að auðkenna í viðskiptaskýrslunni einstakling eða tölvualgrím innan verðbréfafyrirtækis sem ber ábyrgð á slíkri starfsemi. Ef bæði einstaklingur og tölvualgrím eða margir einstaklingar eða mörg algrím eiga hlut að máli ætti verðbréfafyrirtækið að ákvarða á samræmdan hátt í kjölfar fyrirfram ákveðinna viðmiða hvaða einstaklingur eða algrím ber meginábyrgðina á þessari starfsemi.
- 11) Til að greiða fyrir skilvirku markaðseftirliti ættu viðskiptaskýrslur að hafa að geyma nákvæmar upplýsingar um hvers konar breytingar á stöðu verðbréfafyrirtækis eða viðskiptavina þess sem leiðir af tilkynningarskyldum viðskiptum á þeim tíma sem viðskiptin áttu sér stað. Verðbréfafyrirtæki ættu því að fylla út tengda reiti í einstökum viðskiptaskýrslum á samræmdan hátt og ættu að skýra frá viðskiptum eða ólíkum leggjum viðskipta á þann hátt að til samans veiti skýrslur þeirra glögga heildarmynd sem endurspeglar stöðubreytingar nákvæmlega.
- 12) Skortsöluviðskiptum ætti að flagga sérstaklega óháð því hvort þau eru full skortsöluviðskipti eða skortsöluviðskipti að hluta til.
- 13) Tilteknar áskoranir fylgja því að hafa skilvirkt markaðseftirlit þegar um er að ræða viðskipti með sambland fjármálagerninga. Lögbæra yfirvaldið þarf að hafa heildaryfirsýn og geta skoðað sérstaklega viðskiptin að því er varðar hvern fjármálagerning sem er hluti af viðskiptum sem varða fleiri en einn fjármálagerning. Því ættu verðbréfafyrirtæki sem framkvæma viðskipti með sambland fjármálagerninga að tilkynna sérstaklega viðskiptin fyrir hvern fjármálagerning og nota auðkenni, sem er einkvæmt á fyrirtækjastigi, til að tengja þær skýrslur við aðrar viðskiptaskýrslur sem tengjast þeirri framkvæmd.
- 14) Til að tryggja skilvirkni í eftirliti með markaðssvikum lögaðila ættu aðildarríki að tryggja að auðkenni lögaðila séu þróuð, þeim úthlutað og viðhaldið í samræmi við alþjóðlega samþykktar meginreglur til að tryggja að lögaðilar séu auðkenndir á samræmdan og einkvæman hátt. Verðbréfafyrirtæki ættu að fá auðkenni lögaðila hjá viðskiptavinum sínum áður en þau veita þjónustu sem gæti fallið undir skýrslugjafarskyldu að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru fyrir hönd þessara viðskiptavina og nota þessi auðkenni lögaðila í viðskiptaskýrslum sínum.
- 15) Til að tryggja skilvirkt og árangursríkt markaðseftirlit ætti einungis að leggja fram viðskiptaskýrslur einu sinni og aðeins til eins lögbærs yfirvalds sem gæti beint þeim til annarra viðkomandi lögbærra yfirvalda. Þegar verðbréfafyrirtæki framkvæmir viðskipti ætti það því að leggja fram skýrslu til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis verðbréfafyrirtækisins óháð því hvort útibú á í hlut eða ekki eða hvort fyrirtækið sem gefur skýrslu framkvæmdi viðskiptin fyrir milligöngu útibús í öðru aðildarríki. Enn fremur, þegar viðskipti eru framkvæmd að öllu leyti eða hluta fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækis sem er staðsett í öðru aðildarríki ætti aðeins að skila skýrslunni einu sinni til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki verðbréfafyrirtækisins nema lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu og gistiaðildarríkinu hafi samið um annað. Til að tryggja að lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki geti haft eftirlit með þjónustunni sem útibú veita á yfirráðasvæði þeirra þurfa þau að fá viðskiptaskýrslur um starfsemi útibúa. Af þessum sökum, og til að hægt sé að beina viðskiptaskýrslum til allra viðkomandi lögbærra yfirvalda útibúanna sem eru aðilar að viðskiptunum, er nauðsynlegt að nákvæmar upplýsingar um starfsemi útibús komi fram í skýrslunum.

- 16) Mikilvægt er fyrir eftirlit með markaðssvikum að upplýsingarnar í viðskiptaskýrslunum séu fullnægjandi og nákvæmar. Viðskiptavettvangar og verðbréfafyrirtæki ættu því að búa yfir aðferðum og ráðstöfunum til að tryggja að fullnægjandi og nákvæmar viðskiptaskýrslur séu afhentar lögbærum yfirvöldum. Viðurkennd skýrslugjafarkerfi (*e. approved reporting mechanisms* (ARM)) ættu ekki að falla undir þessa reglugerð þar sem þau falla undir eigið sértækt fyrirkomulag sem tilgreint er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 <sup>(1)</sup> og hafa hliðstæðar kröfur til að tryggja að gögnin séu heildstæð og nákvæm.
- 17) Til að hægt sé að rekja afturkallanir eða leiðréttingar ætti verðbréfafyrirtækið að halda eftir upplýsingum um leiðréttingar og afturkallanir sem viðurkennda skýrslugjafarkerfið lætur því í té þegar það, samkvæmt fyrirmælum frá verðbréfafyrirtækinu, fellir niður eða leiðréttir viðskiptaskýrslu sem var lögð fram fyrir hönd verðbréfafyrirtækisins.
- 18) Ákvörðun á því hvaða markaður á best við með tilliti til seljanleika gerir kleift að beina viðskiptaskýrslum til annarra lögbærra yfirvalda og gerir fjárfestum mögulegt að auðkenna til hvaða lögbæru yfirvalda þeir verða að tilkynna skortstöður sínar skv. 5., 7. og 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 <sup>(2)</sup>. Reglurnar til að ákvarða viðkomandi lögbært yfirvald samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB <sup>(3)</sup> hafa reynst árangursríkar fyrir flesta fjármálagerninga og ættu því ekki að taka breytingum. Þó ætti að innleiða nýjar reglur sérstaklega fyrir þá gerninga sem falla ekki undir tilskipun 2004/39/EB, þ.e. fyrir skuldagerninga sem aðili í þriðja landi hefur gefið út, losunarheimildir og afleiður þar sem næsta undirliggjandi eign hefur ekki alþjóðlegt auðkenni eða er karfa eða vísitala utan EES.
- 19) Til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins er nauðsynlegt að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 20) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 21) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(4)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

### **Gagnastaðlar og snið fyrir skýrslugjöf um viðskipti**

Viðskiptaskýrsla skal hafa að geyma allar upplýsingar sem um getur í töflu 2 í I. viðauka sem varða viðkomandi fjármálagerninga. Allar upplýsingar sem eiga að koma fram í viðskiptaskýrslum skulu lagðar fram í samræmi við þá staðla og snið sem tilgreind eru í töflu 2 í I. viðauka á rafrænu og tölvulesanlegu formi og á samræmdu XML-sniðmáti í samræmi við aðferðakerfi ISO 20022.

*2. gr.*

### **Merking hugtaksins „viðskipti“**

1. Að því er varðar 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal framkvæmd öflunar eða ráðstöfunar fjármálagernings sem um getur í 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 teljast viðskipti.

<sup>(1)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/571 frá 2. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, skipulagskröfur og birtingu viðskiptaupplýsinga fyrir veitendur gagnaskýrsluþjónustu (Stjttíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 126).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga (Stjttíð. ESB L 86, 24.3.2012, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjttíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. Öflun eins og um getur í 1. mgr. skal ná yfir eftirfarandi:
  - a) kaup fjármálagernings,
  - b) gerð afleiðusamnings,
  - c) hækkun grundvallarfjárhæðar afleiðusamnings.
3. Ráðstöfun eins og um getur í 1. mgr. skal ná yfir eftirfarandi:
  - a) sölu fjármálagernings,
  - b) lokun (e. *closing out*) afleiðusamnings,
  - c) lækkun grundvallarfjárhæðar afleiðusamnings.
4. Að því er varðar 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 nær hugtakið „viðskipti“ einnig yfir samtímis öflun og ráðstöfun fjármálagernings þegar engin breyting verður á eignarhaldi þess fjármálagernings en krafist er birtingar upplýsinga eftir viðskipti skv. 6., 10., 20. eða 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.
5. Að því er varðar 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal hugtakið „viðskipti“ ekki taka til eftirfarandi:
  - a) fjármögnunarviðskipta með verðbréf eins og þau eru skilgreind í 11. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2015/2365 <sup>(1)</sup>.
  - b) samnings sem verður til einungis vegna stöðustofnunar eða uppgjörs,
  - c) uppgjörs gagnkvæmra skuldbindinga milli aðila þar sem hreina skuldbindingin er yfirfærð (e. *carried forward*),
  - d) öflunar eða ráðstöfunar sem er eingöngu vegna vörslustarfsemi,
  - e) framsals eða aðilaskipta á afleiðusamningi eftir viðskipti þar sem þriðji aðili kemur í stað eins aðila afleiðusamningsins,
  - f) samþjöppunar eignasafns,
  - g) stofnunar eða innlausnar hlutdeildarskírteina sjóðs um sameiginlega fjárfestingu af hálfu umsjónaraðila sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu,
  - h) nýtingar réttinda sem felast í fjármálagerningi eða umbreytingar breytanlegs skuldabréfs og viðskipta með undirliggjandi fjármálagerning sem af því leiða,
  - i) stofnunar, gildisloka eða innlausnar fjármálagernings sem leiðir af fyrirframákveðnum samningsskilmálum eða skyldubundnum atburðum sem eru ekki á valdi fjárfestisins, ef fjárfestirinn tekur enga fjárfestingarákvörðun á þeim tímapunkti sem stofnun, gildislok eða innlausn fjármálagerningsins á sér stað,
  - j) lækkunar eða hækkunar grundvallarfjárhæðar afleiðusamnings vegna fyrirframákveðinna samningsskilmála eða skyldubundinna atburða, ef fjárfestirinn tekur enga fjárfestingarákvörðun á þeim tímapunkti sem grundvallarfjárhæðin breytist,
  - k) breytingar á samsetningu vísitölu eða körfu sem á sér stað eftir framkvæmd viðskipta,
  - l) öflunar samkvæmt áætlun um endurfjárfestingu arðs,
  - m) öflunar eða ráðstöfunar samkvæmt hlutabréfatengdu hvatakerfi fyrir starfsmenn eða sem leiðir af stýringu sjóðs um eignir sem ekki hefur verið gert tilkall til (e. *unclaimed asset trust*), eða í tengslum við eftirstandandi réttindi til brots af hlutabréfi (e. *fractional share*) í kjölfar fyrirtækjaatburða eða sem hluta af áætlun um fækkun hluthafa ef öll eftirfarandi viðmið eru uppfyllt:
    - i. dagsetning öflunarinnar eða ráðstöfunarinnar er ákveðin fyrirfram og birt fyrirfram,

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).

- ii. fjárfestingarákvörðunin sem fjárfestirinn tekur um öflun eða ráðstöfun samsvarar því vali hans að ganga til viðskiptanna án þess að geta breytt skilmálum viðskiptanna einhliða,
  - iii. að minnsta kosti tíu viðskiptadaga seinkun er frá því að fjárfestingarákvörðunin er tekin þar til hún er framkvæmd,
  - iv. hámarksvirði viðskiptanna jafngildir 1000 evrum á einskisviðskipti viðkomandi fjárfestis í viðkomandi gerningi eða, í tilviki þar sem fyrirkomulagið leiðir til fleiri viðskipta, samanlagt hámarksvirði viðskiptanna jafngildir 500 evrum í hverjum almanaksmánuði fyrir viðkomandi fjárfesti í viðkomandi gerningi,
- n) tilboðs um skipti á eða endurkaup skuldabréfs eða annars konar verðbréfaðrar skuldar þar sem skilmálar tilboðsins eru fyrirframákveðnir og birtir fyrirfram og fjárfestingarákvörðunin samsvarar því vali fjárfestisins að ganga til viðskiptanna án þess að geta breytt skilmálum þeirra einhliða,
- o) öflunar og ráðstöfunar sem eingöngu leiðir af yfirfærslu tryggingar.

Undantekningin sem kveðið er á um í a-lið fyrstu undirgreinar gildir ekki um fjármögnunarviðskipti með verðbréf sem aðili að seðlabankakerfi Evrópu er mótaðili að.

Undantekningin sem kveðið er á um í i-lið fyrstu undirgreinar gildir ekki um frumútbod hlutabréfa, almenn útbod á eftirmarkaði né lokuð útbod, né útgáfu skuldabréfa.

### 3. gr.

#### **Merking hugtaksins „framkvæmd viðskipta“**

1. Verðbréfafyrirtæki skal teljast hafa framkvæmt viðskipti í skilningi 2. mgr. þegar það veitir einhverja eftirfarandi þjónustu eða framkvæmir einhverja eftirfarandi aðgerða sem leiða til viðskipta:
- a) móttöku og miðlun fyrirmæla í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga,
  - b) framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina,
  - c) viðskipti fyrir eigin reikning,
  - d) ákvörðunartöku um fjárfestingar í samræmi við umboð til ákvarðanatöku (e. *discretionary mandate*) sem viðskiptavinur veitir,
  - e) yfirfærslu fjármálagerninga á eða af reikningum.
2. Verðbréfafyrirtæki skal ekki teljast hafa framkvæmt viðskipti þegar það hefur miðlað fyrirmælum í samræmi við 4. gr.

### 4. gr.

#### **Miðlun fyrirmæla**

1. Verðbréfafyrirtæki sem miðlar fyrirmælum skv. 4. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 (miðlunarfyrtæki) skal einungis teljast hafa miðlað fyrirmælunum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- a) tekið var við fyrirmælunum frá viðskiptavini þess eða þau leiða af ákvörðun þess um að afla eða ráðstafa tilteknum fjármálagerningi í samræmi við umboð til ákvarðanatöku sem einn eða fleiri viðskiptavinir veittu því,
  - b) miðlunarfyrtækið sem hefur miðlað upplýsingum um fyrirmælin sem um getur í 2. mgr. til annars verðbréfafyrirtækis (móttökufyrirtækis),
  - c) móttökufyrirtækið fellur undir 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 og samþykkir að annaðhvort tilkynna viðskiptin sem leiða af viðkomandi fyrirmælum eða miðla upplýsingum um fyrirmælin í samræmi við þessa grein til annars verðbréfafyrirtækis.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skal í slíku samkomulagi tilgreina tímamörkin sem miðlunarfyrtækið hefur til að veita móttökufyrtækinu upplýsingarnar um fyrirmælin og kveða á um að móttökufyrtækið skuli sannreyna hvort í móttöknu upplýsingunum um fyrirmælin séu augljósar villur eða yfirsjónir áður en viðskiptaskýrsla er lögð fram eða fyrirmælum miðlað í samræmi við þessa grein.

2. Eftirfarandi upplýsingum um fyrirmæli skal miðla í samræmi við 1. mgr. að því leyti sem við á um viðkomandi fyrirmæli:
  - a) auðkenniskóða fjármálagerningsins,
  - b) hvort fyrirmælin eru til öflunar eða ráðstöfunar fjármálagernings,
  - c) verði og magni sem er gefið upp í fyrirmælunum,
  - d) auðkenningu á og upplýsingum um viðskiptavin miðlunarfyrtækisins að því er varðar fyrirmælin,
  - e) auðkenningu á og upplýsingum um þann sem tekur ákvörðun fyrir viðskiptavininn þegar fjárfestingarákvörðunin er tekin samkvæmt heimild til fyrirsvars (e. *power of representation*),
  - f) auðkenningu til að tilgreina skortsölu,
  - g) auðkenningu til að tilgreina einstakling eða algrím sem tekur fjárfestingarákvörðunina innan miðlunarfyrtækisins,
  - h) í hvaða landi útibú verðbréfafyrtækisins er sem hefur eftirlit með einstaklingnum sem ber ábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni og í hvaða landi útibú verðbréfafyrtækisins er sem tók við fyrirmælum viðskiptavinarins eða tók fjárfestingarákvörðun fyrir viðskiptavin í samræmi við umboð til ákvarðanatöku sem viðskiptavinurinn veitti því,
  - i) sé um að ræða fyrirmæli um hrávöruafleiður skal tilgreina hvort viðskiptin draga úr áhættu á hátt sem unnt er að mæla hlutlægt í samræmi við 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
  - j) kóðann sem auðkennir miðlunarfyrtækið.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar skal tilgreina viðskiptavininn í samræmi við 6. gr. ef hann er einstaklingur.

Að því er varðar j-lið fyrstu undirgreinar skal kóðinn vera sá kóði sem auðkennir miðlunarfyrtækið ef áður var tekið við miðluðum fyrirmælum frá öðru fyrirtæki sem miðlaði ekki fyrirmælunum í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessari grein. Ef tekið var við miðluðum fyrirmælum áður frá öðru miðlunarfyrtæki í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessari grein skal kóðinn sem er gefinn upp skv. j-lið og um getur í fyrstu undirgrein vera kóðinn sem auðkennir fyrra miðlunarfyrtækið.

3. Ef fleiri en eitt miðlunarfyrtæki koma að tilteknum fyrirmælum skulu upplýsingarnar sem miðlað er um fyrirmælin og um getur í d- til i-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. eiga við um viðskiptavin fyrsta miðlunarfyrtækisins.
4. Ef fyrirmælin eru samsöfnuð fyrir fleiri en einn viðskiptavin skal miðla upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. um hvern viðskiptavin.

#### 5. gr.

#### **Auðkenning verðbréfafyrtækis sem framkvæmir viðskipti**

1. Verðbréfafyrtæki sem framkvæmir viðskipti skal tryggja að í viðskiptaskýrslunni sem lögð er fram skv. 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 sé það verðbréfafyrtæki auðkennt með fullgildum, útgefnum og tilhlýðilega uppfærðum ISO 17442 auðkenniskóða lögaðila.
2. Verðbréfafyrtæki sem framkvæmir viðskipti skal tryggja að tilvísunargögnin sem varða auðkenni lögaðila fyrir það séu uppfærð í samræmi við skilmála einhverra hinna viðurkenndu útgefenda LEI-kóða (e. *Local Operating Units*) í alþjóðakerfinu um auðkenni lögaðila (e. *Global Legal Entity Identifier System*).

## 6. gr.

**Auðkenning einstaklinga**

1. Í viðskiptaskýrslu skal auðkenna einstaklinga með auðkenni sem samsett er úr ISO 3166-1 alpha-2 (tveggja bókstafa landskóða) fyrir þjóðerni einstaklingsins og í kjölfarið innlendu auðkenni viðskiptavinar sem tilgreint er í II. viðauka og miðast við þjóðerni einstaklingsins.
2. Úthluta skal hinu innlenda auðkenni viðskiptavinar sem um getur í 1. mgr. í samræmi við forgangsstigin sem kveðið er á um í II. viðauka og nota til þess það fyrirliggjandi auðkenni einstaklingsins sem er í hæsta forgangi, óháð því hvort verðbréfafyrirtækinu sé þegar kunnugt um það auðkenni.
3. Hafi einstaklingur ríkisfang í fleiri en einu landi innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skal nota landskóða ríkisfangsins sem er fremst þegar ISO 3166-1 alpha-2 kóðum hans er raðað í stafrófsröð og auðkenni þess ríkisfangs sem úthlutað er í samræmi við 2. mgr. Hafi einstaklingur ríkisfang utan EES skal nota auðkennið í hæsta forgangi í samræmi við reitinn þar sem stendur „Öll önnur ríki“ í II. viðauka. Hafi einstaklingur ríkisfang bæði innan og utan EES skal nota landskóða EES-ríkisfangsins og auðkenni sama ríkisfangs í hæsta forgangi sem er úthlutað í samræmi við 2. mgr.
4. Sé vísað til CONCAT að því er varðar auðkennið sem er úthlutað er í samræmi við 2. mgr. skal verðbréfafyrirtækið auðkenna einstaklinginn með því að raða saman eftirfarandi þáttum í þessari röð:
  - a) fæðingardegi og -ári einstaklingsins á sniðinu ÁÁÁÁMMDD,
  - b) fyrstu fimm stöfunum í eigin nafninu,
  - c) fyrstu fimm stöfunum í kenninafninu.
5. Að því er varðar 4. mgr. skal undanskilja titla við nöfn og bæta „#“ aftan við eiginnöfn og kenninöfn sem eru styttri en fimm stafir til að tryggja að vísanir til nafna og kenninafna skv. 4. mgr. innihaldi fimm rittákn. Allir stafir skulu vera hástafir. Ekki skal nota úrfellingarmerki, áherslumerki, bandstrik, greinarmerki eða orðabil.

## 7. gr.

**Upplýsingar um deili viðskiptavinar og auðkenni og upplýsingar um ákvörðunartakann**

1. Viðskiptaskýrsla um viðskipti sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavinar sem er einstaklingur skal geta fulls nafns, fæðingardags og -árs viðskiptavinarins eins og tilgreint er í reitum 9, 10, 11, 18, 19 og 20 í töflu 2 í I. viðauka.
2. Ef viðskiptavinurinn er ekki sá sem tekur fjárfestingarákvörðunina í tengslum við viðskiptin skal viðskiptaskýrslan tilgreina aðilann sem tekur ákvörðunina fyrir hönd viðskiptavinarins eins og segir í reitum 12–15 fyrir kaupandann og reitum 21–24 fyrir seljandann í töflu 2 í I. viðauka.

## 8. gr.

**Auðkenning einstaklings eða tölvualgríms sem tekur fjárfestingarákvörðun**

1. Taki einstaklingur eða tölvualgrím innan verðbréfafyrirtækis fjárfestingarákvörðun um að afla eða ráðstafa tilteknum fjármálagerningi skal tilgreina þann einstakling eða tölvualgrím eins og segir í reit 57 í töflu 2 í I. viðauka. Verðbréfafyrirtækið skal einungis tilgreina slíkan einstakling eða tölvualgrím þegar viðkomandi fjárfestingarákvörðun er annaðhvort tekin fyrir hönd verðbréfafyrirtækisins sjálfs eða fyrir hönd viðskiptavinar samkvæmt umboði til ákvarðanatöku sem viðskiptavinurinn veitti því.

2. Taki fleiri en einn einstaklingur innan verðbréfafyrirtækisins fjárfestingarákvörðunina skal verðbréfafyrirtækið ákvarða hvaða einstaklingur ber meginábyrgð á ákvörðuninni. Ákvarða skal hvaða einstaklingur ber meginábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni í samræmi við fyrirfram ákveðin viðmið sem verðbréfafyrirtækið setur.
3. Ef tölvualgrím innan verðbréfafyrirtækisins tekur fjárfestingarákvörðunina í samræmi við 1. mgr. skal verðbréfafyrirtækið úthluta auðkenni til að tilgreina tölvualgrímið í viðskiptaskýrslu. Þetta auðkenni skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:
  - a) það sé einkvæmt fyrir hverja kóðaröð eða viðskiptaáætlun sem algrímið samanstendur af, óháð því um hvaða fjármálagerninga eða markaði algrímið gildir,
  - b) það sé notað með samkvæmum hætti þegar vísað er til algrímsins eða viðkomandi útgáfu algrímsins þegar því hefur verið úthlutað,
  - c) það haldist einkvæmt yfir tíma.

9. gr.

#### **Auðkenning einstaklings eða tölvualgríms sem framkvæmir viðskipti**

1. Ef einstaklingur eða tölvualgrím innan verðbréfafyrirtækis sem framkvæmir viðskipti ákveður hvaða viðskiptavettvang, innmiðlara eða skipulegan viðskiptavettvang utan Sambandsins skuli nota, til hvaða fyrirtækja skuli miðla fyrirmælum og skilyrði í tengslum við framkvæmd fyrirmæla skal tilgreina þann einstakling eða tölvualgrím í reit 59 í töflu 2 í I. viðauka.
2. Ef einstaklingur innan verðbréfafyrirtækisins ber ábyrgð á framkvæmd viðskiptanna skal verðbréfafyrirtækið úthluta auðkenni til að tilgreina þann einstakling í viðskiptaskýrslu í samræmi við 6. gr.
3. Ef tölvualgrím innan verðbréfafyrirtækisins sér um framkvæmd viðskiptanna skal verðbréfafyrirtækið úthluta auðkenni til að tilgreina tölvualgrímið í samræmi við 3. mgr. 8. gr.
4. Ef bæði einstaklingur og tölvualgrím koma að framkvæmd viðskiptanna, eða fleiri en einn einstaklingur eða eitt algrím gera það, skal verðbréfafyrirtækið ákvarða hvaða einstaklingur eða tölvualgrím sér aðallega um framkvæmd viðskiptanna. Ákvarða skal hvaða einstaklingur eða tölvualgrím sér aðallega um framkvæmdina í samræmi við fyrirframákveðin viðmið sem verðbréfafyrirtækið setur.

10. gr.

#### **Auðkenning á viðkomandi undanþágu**

Í viðskiptaskýrslum skal auðkenna viðkomandi undanþágu skv. 4. eða 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 sem viðskiptin hafa farið fram samkvæmt í samræmi við reit 61 í töflu 2 í I. viðauka við þessa reglugerð.

11. gr.

#### **Auðkenning skortsölu**

1. Í viðskiptaskýrslum skal tilgreina viðskipti sem eru skortsöluviðskipti á þeim tíma sem þau eru framkvæmd, eða eru að hluta til skortsöluviðskipti, í samræmi við reit 62 í töflu 2 í I. viðauka.
2. Verðbréfafyrirtæki skal ákvarða, eftir bestu getu, þau skortsöluviðskipti þar sem viðskiptavinur þess er seljandi, þ.m.t. þegar verðbréfafyrirtæki safnar saman fyrirmælum frá fleiri en einum viðskiptavini. Verðbréfafyrirtækið skal tilgreina slík skortsöluviðskipti í viðskiptaskýrslu sinni í samræmi við reit 62 í töflu 2 í I. viðauka.



3. Þegar verðbréfafyrirtæki framkvæmir skortsöluviðskipti fyrir eigin reikning skal það tilgreina í viðskiptaskýrslunni hvort það gegndi hlutverki viðskiptavaka eða aðalmiðlara samkvæmt undanþágu sem kveðið er á um 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 236/2012.

12. gr.

### Skýrslugjöf um framkvæmd með samblandi fjármálagerna

Þegar verðbréfafyrirtæki framkvæmir viðskipti með tvo eða fleiri fjármálagerna skal fyrirtækið tilkynna viðskiptin með hvern fjármálagerning á aðskilinn hátt og nota auðkenni sem er einkvæmt á stigi fyrirtækisins til að tengja viðkomandi skýrslur við aðrar viðskiptaskýrslur sem tengjast þeirri framkvæmd eins og tilgreint er í reit 40 í töflu 2 í I. viðauka.

13. gr.

### Skilyrði um þróun, úthlutun og viðhald á auðkennum lögaðila

1. Aðildarríki skulu tryggja að auðkenni lögaðila séu þróuð, þeim úthlutað og viðhaldið í samræmi við eftirfarandi meginviðmið:

- a) einkvæmi,
- b) nákvæmni,
- c) samkvæmni,
- d) hlutleysi,
- e) áreiðanleiki,
- f) opinn aðgangur (e. *open source*),
- g) sveigjanleiki,
- h) stærðarsveigjanleiki (e. *scalability*),
- i) aðgengileiki.

Aðildarríki skulu einnig tryggja að auðkenni lögaðila séu þróuð, þeim úthlutað og viðhaldið með því að nota samræmda og alþjóðlega rekstrarstaðla, að þau lúti stjórnunarramma nefndarinnar um lögboðið eftirlit með auðkennum lögaðila (e. *Legal Entity Identifier Regulatory Oversight Committee*) og séu fánleg með eðlilegum kostnaði.

2. Verðbréfafyrirtæki skal ekki veita þjónustu sem hefur í för með sér skyldu til að leggja fram viðskiptaskýrslu um viðskipti sem gerð eru fyrir hönd viðskiptavinar sem er heimilt að nota auðkenniskóða lögaðila, áður en það fær í hendur viðkomandi auðkenniskóða lögaðila frá þeim viðskiptavini.

3. Verðbréfafyrirtækið skal tryggja að lengd og uppbygging kóðans samræmist ISO 17442 staðlinum og að kóðinn sé í alþjóðlega gagnagrunninum yfir auðkenni lögaðila (e. *Global LEI database*) sem starfræktur er af miðlægu starfseiningunni (e. *Central Operating Unit*) sem nefndin um lögboðið eftirlit með auðkennum lögaðila skipar og að kóðinn eigi við um hlutaðeigandi viðskiptavin.

14. gr.

### Skýrslugjöf um viðskipti sem útibú framkvæma

1. Verðbréfafyrirtæki skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki sínu um viðskipti sem eru að hluta eða í heild framkvæmd gegnum útibú þess nema lögbær yfirvöld í heima- og gístaðildarríkjunum hafi samþykkt annað.

2. Þegar verðbréfafyrirtæki framkvæmir að hluta eða í heild viðskipti gegnum útibú sitt skal einungis tilkynna viðskiptin einu sinni.
3. Ef tilgreina þarf landskóða útibús verðbréfafyrirtækis í viðskiptaskýrslu í samræmi við reiti 8, 17, 37, 58 eða 60 í töflu 2 í I. viðauka vegna þess að viðskiptin eru framkvæmd að hluta eða í heild gegnum það útibú skal verðbréfafyrirtækið gefa upp ISO 3166 landskóða viðkomandi útibús í öllum eftirfarandi tilvikum:
  - a) ef útibúið tók við fyrirmælunum frá viðskiptavini eða tók fjárfestingarákvörðun fyrir viðskiptavin í samræmi við umboð til ákvarðanatöku sem viðskiptavinurinn veitti því,
  - b) ef útibúið hefur eftirlitsskyldur með einstaklingnum sem ber ábyrgð á viðkomandi fjárfestingarákvörðun,
  - c) ef útibúið hefur eftirlitsskyldur með einstaklingnum sem ber ábyrgð á framkvæmd viðskiptanna,
  - d) ef viðskiptin voru framkvæmd á viðskiptavettvangi eða skipulegum viðskiptaverkvangi sem er staðsettur utan Sambandsins með því að nýta aðild útibúsins að þeim viðskiptavettvangi eða skipulegum viðskiptaverkvangi.
4. Ef eitt eða fleiri tilvik sem kveðið er á um í 3. mgr. eiga ekki við um útibú verðbréfafyrirtækisins skal fylla út viðeigandi reiti í töflu 2 í I. viðauka með ISO-landskóða heimaaðildarríkis verðbréfafyrirtækisins eða, sé um að ræða fyrirtæki í þriðja landi, landskóða landsins þar sem höfuðstöðvar eða skráð skrifstofa fyrirtækisins hefur staðfestu.
5. Útibú fyrirtækis í þriðja landi skal leggja viðskiptaskýrsluna fyrir lögbæra yfirvaldið sem veitti útibúinu starfsleyfi. Útibú fyrirtækis í þriðja landi skal fylla út viðeigandi reiti í töflu 2 í I. viðauka með ISO-landskóða aðildarríkis þess lögbæra yfirvalds sem veitti starfsleyfið.

Ef fyrirtæki í þriðja landi hefur sett á stofn útibú í fleiri en einu landi innan Sambandsins skulu útibú þessi sameiginlega velja eitt af lögbæru yfirvöldunum í aðildarríkjunum til að senda viðskiptaskýrslur til skv. 1. og 3. mgr.

*15. gr.*

#### **Aðferðir og fyrirkomulag skýrslugjafar um fjármálaviðskipti**

1. Á meðal þeirra aðferða og fyrirkomulags sem viðskiptavettvangar og verðbréfafyrirtæki nota til að taka saman og leggja fram skýrslur skulu vera:
  - a) kerfi til að tryggja öryggi og trúnað gagna í skýrslunum,
  - b) kerfi til að staðfesta uppruna viðskiptaskýrslunnar,
  - c) varúðarráðstafanir til að gera kleift að hefja skýrslugjöf aftur tímanlega ef upp kemur bilun í skýrslugjafarkerfinu,
  - d) kerfi til að koma auga á villur og yfirsjónir í viðskiptaskýrslum,
  - e) kerfi til að komast hjá tvítekingu viðskiptaskýrslna, þ.m.t. ef verðbréfafyrirtæki treystir á að viðskiptavettvangur tilkynni upplýsingar um viðskipti sem verðbréfafyrirtækið framkvæmir gegnum kerfi viðskiptavettvangsins í samræmi við 7. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,
  - f) kerfi til að tryggja að viðskiptavettvangurinn leggi aðeins fram skýrslur fyrir hönd þeirra verðbréfafyrirtækja sem hafa valið að reiða sig á viðskiptavettvanginn til að senda skýrslur fyrir þeirra hönd um viðskipti sem fara fram gegnum kerfi viðskiptavettvangsins,
  - g) kerfi til að komast hjá skýrslugjöf um viðskipti sem ekki er skylda að tilkynna skv. 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, annaðhvort vegna þess að engin viðskipti eiga sér stað í skilningi 2. gr. þessarar reglugerðar eða vegna þess að gerningurinn sem viðkomandi viðskipti varða fellur ekki undir gildissvið 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014,

- h) kerfi til að koma auga á ótilkynnt viðskipti sem skylda er að tilkynna skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, þ.m.t. tilvik þar sem ekki hefur tekist að leggja fram að nýju viðskiptaskýrslur sem viðkomandi lögbært yfirvald hefur hafnað.
2. Ef viðskiptavettvangur eða verðbréfafyrirtæki uppgötvar villur eða yfirsjónir í viðskiptaskýrslu sem lögð var fram hjá lögbæru yfirvaldi, að viðskiptaskýrsla hafi ekki verið lögð fram, þ.m.t. að skýrsla um tilkynningarskyld viðskipti hafi ekki verið lögð fram að nýju eftir höfnun eða að viðskipti sem ekki er skylda að tilkynna hafi verið tilkynnt, skal viðskiptavettvangurinn eða verðbréfafyrirtækið þegar í stað gera viðkomandi lögbæru yfirvaldi viðvart.
3. Verðbréfafyrirtæki skulu hafa til staðar fyrirkomulag til að tryggja að viðskiptaskýrslur þeirra séu fullgerðar og réttar. Þetta fyrirkomulag skal fela í sér prófun á skýrslugjafarferlinu og reglulega afstemmingu á viðskiptagögnum úr framlínu (e. *front office*) þeirra við úrtak gagna sem lögbær yfirvöld þeirra afhenda þeim í því skyni.
4. Ef lögbær yfirvöld afhenda ekki gagnaúrtak skulu verðbréfafyrirtækin stemma af viðskiptagögn úr framlínu sinni við upplýsingarnar í viðskiptaskýrslunum sem þau hafa lagt fram hjá lögbæru yfirvöldunum eða í viðskiptaskýrslunum sem viðurkennd skýrslugjafarkerfi eða viðskiptavettvangar hafa lagt fram fyrir þeirra hönd. Afstemmingin skal fela í sér athugun á tímanleika skýrslunnar, hve réttir og fullgerðir einstakir gagnareitir eru og hvort þeir eru í samræmi við staðlana og sniðin sem tilgreind eru í töflu 2 í I. viðauka.
5. Verðbréfafyrirtæki skulu hafa til staðar fyrirkomulag til að tryggja að viðskiptaskýrslur þeirra, skoðaðar saman í heild, endurspegli allar breytingar á stöðu þeirra og stöðu viðskiptavina þeirra í viðkomandi fjármálagerningum á þeim tíma sem viðskipti með fjármálagerningana eru framkvæmd.
6. Ef viðurkennt skýrslugjafarkerfi fellir niður eða leiðréttir, í samræmi við fyrirmæli frá verðbréfafyrirtækinu, viðskiptaskýrslu sem lögð er fram fyrir hönd verðbréfafyrirtækis skal verðbréfafyrirtækið halda eftir upplýsingunum um leiðréttingarnar og niðurfellingarnar sem viðurkennda tilkynningakerfið veitir því.
7. Senda skal skýrslurnar sem um getur í 5. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki viðskiptavettvangsins.
8. Lögbær yfirvöld skulu nota öruggar rafrænar samskiptaleiðir þegar þau skiptast á viðskiptaskýrslum hvert við annað.

16. gr.

### Ákvörðun markaðar sem best á við með tilliti til seljanleika

1. Ef um er að ræða framseljanlegt verðbréf í skilningi a-liðar 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, losunarheimild eða hlutdeildarskírteini í sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal ákvarða markaðinn sem best á við með tilliti til seljanleika fyrir þann fjármálagerning („markaðinn sem á best við“) einu sinni á hverju almanaksári á grundvelli gagna fyrir næstliðið almanaksár, að því tilskildu að fjármálagerningurinn hafi verið tekinn til viðskipta eða viðskipti hafi verið með hann við upphaf næstliðins almanaksárs, eins og hér segir:
- a) fyrir gerninga sem teknir eru til viðskipta á einum eða fleiri skipulegum mörkuðum skal markaðurinn sem best á við vera skipulegi markaðurinn þar sem veltan, eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 17. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 <sup>(1)</sup>, var mest með þann gerning á næstliðnu almanaksári,
- b) fyrir gerninga sem hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum mörkuðum skal markaðurinn sem best á við vera það markaðstorg fjármálagerninga þar sem veltan með þann gerning var mest á næstliðnu almanaksári,
- c) að því er varðar a- og b-lið skal við útreikning á mestu veltu undanskilja öll viðskipti sem eru undanþegin gagnsæi áður en viðskipti fara fram skv. a-, b- eða c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

<sup>(1)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/587 frá 14. júlí 2016 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur um gagnsæi fyrir viðskiptavettvanga og verðbréfafyrirtæki að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga og um þá skyldu að viðskipti með tiltekin hlutabréf skuli fara fram á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara (Stjtfð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 387).

2. Hafi framseljanlegt verðbréf í skilningi a-liðar 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, losunarheimild eða hlutdeildarskírteini í sjóði um sameiginlega fjárfestingu hvorki verið tekið til viðskipta né viðskipti verið með þann fjármálagerning við upphaf næstliðins almanaksárs, eða gögn til að reikna út veltu, í samræmi við c-lið 1. mgr. þessarar greinar, í þeim tilgangi að ákvarða hvaða markaður á best við eru ófullnægjandi eða ekki til staðar, skal markaðurinn sem best á við þann fjármálagerning vera markaður aðildarríkisins þar sem fyrst var lögð fram beiðni um töku hans til viðskipta eða þar sem fyrst voru viðskipti með hann, þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar.
3. Sé um að ræða framseljanlegt verðbréf í skilningi b-liðar 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða peningamarkaðsgerning sem gefinn er út af aðila með staðfestu í Sambandinu skal markaðurinn sem best á við vera markaður aðildarríkisins þar sem skráð skrifstofa útgefandans er staðsett.
4. Sé um að ræða framseljanlegt verðbréf í skilningi b-liðar 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða peningamarkaðsgerning sem gefinn er út af aðila með staðfestu utan Sambandsins skal markaðurinn sem best á við vera markaður aðildarríkisins þar sem beiðni um töku þess fjármálagernings til viðskipta var fyrst lögð fram eða þar sem fyrst voru viðskipti með fjármálagerninginn á viðskiptavettvangi.
5. Sé um að ræða fjármálagerning sem er afleiðusamningur eða mismunasamningur eða framseljanlegt verðbréf í skilningi c-liðar 44. liðar 1. mgr. 4. gr tilskipunar 2014/65/EB skal ákvarða markaðinn sem best á við eins og hér segir:
- a) ef framseljanlegt verðbréf í skilningi a-liðar 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða losunarheimild sem hefur verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða sem viðskipti eru með á markaðstorgi fjármálagerninga er hinn undirliggjandi þáttur (e. *the underlying*) í fjármálagerningi skal markaðurinn sem best á við vera markaðurinn sem telst best eiga best við hið undirliggjandi verðbréf í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar,
  - b) ef framseljanlegt verðbréf í skilningi b-liðar 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða peningamarkaðsgerningur sem hefur verið tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða sem viðskipti eru með á markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi er hinn undirliggjandi þáttur í fjármálagerningi skal markaðurinn sem best á við vera markaðurinn sem telst eiga best við undirliggjandi fjármálagerninginn í samræmi við 3. og 4. mgr. þessarar greinar,
  - c) ef karfa sem inniheldur fjármálagerninga er hinn undirliggjandi þáttur í fjármálagerningi skal markaðurinn sem best á við vera markaður aðildarríkisins þar sem fjármálagerningurinn var fyrst tekinn til viðskipta eða þar sem fyrst voru viðskipti með hann á viðskiptavettvangi,
  - d) ef vísitala sem inniheldur fjármálagerninga er hinn undirliggjandi þáttur í fjármálagerningi skal markaðurinn sem best á við vera markaður aðildarríkisins þar sem fjármálagerningurinn var fyrst tekinn til viðskipta eða þar sem fyrst voru viðskipti með hann á viðskiptavettvangi,
  - e) ef afleiða sem tekin hefur verið til viðskipta eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi er hinn undirliggjandi þáttur í fjármálagerningi skal markaðurinn sem best á við vera markaður aðildarríkisins þar sem afleiðan hefur verið tekin til viðskipta eða þar sem viðskipti eru með hana á viðskiptavettvangi.
6. Að því er varðar fjármálagerninga sem falla ekki undir 1.–5. mgr. skal markaðurinn sem best á við vera markaður aðildarríkis viðskiptavettvangsins sem fyrst tók fjármálagerninginn til viðskipta eða þar sem fyrst voru viðskipti með fjármálagerninginn.

17. gr.

#### Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Ákvæði annarrar undirgreinar 5. mgr. 2. gr. skulu þó koma til framkvæmda 12 mánuðum eftir gildistökudag framseldu gerðarinnar sem framkvæmdastjórnin samþykkir skv. 9. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2365.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júlí 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## I. VIÐAUKI

## Tafla 1

## Skýringar fyrir töflu 2

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
{ALPHANUM-n}	Allt að n alstafir	Frjáls textareitur.
{CFI_CODE}	6 stafir	ISO 10962 kóði til flokkunar fjármálagerna (CFI)
{COUNTRYCODE_2}	2 alstafir	Tveggja stafa landskóði, samkvæmt skilgreiningu ISO 3166-1 alpha-2 landskóði
{CURRENCYCODE_3}	3 alstafir	3 bókstafa gjaldmiðilskóði, samkvæmt ISO 4217 gjaldmiðilskóðum
{DATE_TIME_FORMAT}	ISO 8601 dagsetningar- og tímasnið	Dagsetning og tími á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ss.dddddZ. — „ÁÁÁÁ“ er árið, — „MM“ er mánuðurinn, — „DD“ er dagurinn, — „T“ merkir að nota skal bókstafinn „T“ — „kk“ er klukkustundin, — „mm“ er mínútan, — „ss.ddddd“ er sekúndan og sekúndubrot hennar, — Z er samræmdur heimstími (UTC). Dagsetningar og tíma skal tilkynna á UTC.
{DATEFORMAT}	ISO 8601 dagsetningarsnið	Dagsetningar skulu vera á eftirfarandi sniði: ÁÁÁÁ-MM-DD.
{DECIMAL-n/m}	Tugabrot upp að n tölustöfum alls, þar sem allt að m tölustafir þar af geta verið brotatölur	Talnareitur fyrir bæði plús- og mínusgildi. — táknið sem skilur á milli heiltöluhlutans og aukastafa er „.“ (punktur), — mínustölur eru með forskeytinu „-“ (mínus), Gildi eru námunduð og ekki stýfð.
{INDEX}	4 bókstafir	„EONA“ – EONIA „EONS“ – EONIA SKIPTASAMNINGUR „EURI“ – EURIBOR „EUUS“ – EURODOLLAR „EUCH“ – EuroSwiss „GCFR“ – GCF REPO „ISDA“ – ISDAFIX „LIBI“ – LIBID „LIBO“ – LIBOR „MAAA“ – Muni AAA „PFAN“ – Pfandbriefe „TIBO“ – TIBOR „STBO“ – STIBOR „BBSW“ – BBSW „JIBA“ – JIBAR „BUBO“ – BUBOR

TÁKN	GAGNATEGUND	SKILGREINING
		„CDOR“ – CDOR „CIBO“ – CIBOR „MOSP“ – MOSPRIM „NIBO“ – NIBOR „PRBO“ – PRIBOR „TLBO“ – TELBOR „WIBO“ – WIBOR „TREA“ – Ríkissjóður „SWAP“ – SKIPTASAMNINGUR „FUSW“ – Framtíðarskiptasamningur (e. <i>Future SWAP</i> )
{INTEGER-n}	Heil tala allt að n tölustafir alls	Talnareitur fyrir bæði jákvæð og neikvæð heiltölugildi.
{ISIN}	12 alstafir	ISIN-kóði, eins og hann er skilgreindur í ISO 6166
{LEI}	20 alstafir	Auðkenni lögaðila eins og það er skilgreint í ISO 17442
{MIC}	4 alstafir	Markaðsauðkenni eins og það er skilgreint í ISO 10383
{NATIONAL_ID}	35 alstafir	Auðkennið er fengið í samræmi við 6. gr. og töfluna í II. viðauka.

Tafla 2

### Upplýsingar sem tilkynna á í viðskiptaskýrslum

Skylda er að fylla út alla reiti nema annað sé tekið fram.

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
1	Staða skýrslu	Upplýsingar um hvort viðskiptaskýrslan sé ný eða afturköllun.	„NEWT“ – Ný „CANC“ – Afturköllun
2	Tilvísunarnúmer viðskipta	Auðkennisnúmer sem er einkvæmt hjá framkvæmdar-fyrirtækinu fyrir hverja viðskiptaskýrslu. Þegar viðskiptavettvangur leggur fram viðskiptaskýrslu skv. 5. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 fyrir hönd fyrirtækis sem fellur ekki undir reglugerð (ESB) nr. 600/2014 skal viðskiptavettvangurinn fylla þennan reit út með tölu sem hann hefur búið til og er einkvæm fyrir hverja viðskiptaskýrslu sem hann leggur fram.	{ALPHANUM-52}
3	Auðkenniskóði viðskipta á viðskiptavettvangnum	Þetta er tala sem viðskiptavettvangur búa til og dreifa bæði til kaupenda og seljenda í samræmi við 12. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 (1). Einungis þarf að fylla þennan reit út fyrir markaðshlið viðskipta sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi.	{ALPHANUM-52}

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
4	Auðkenniskóði framkvæmdaraðila	Kóði sem er notaður til að auðkenna aðilann sem framkvæmir viðskiptin.	{LEI}
5	Verðbréfafyrirtæki sem fellur undir tilskipun 2014/65/ESB	Upplýsingar um hvort aðilinn sem auðkenndur er í reit 4 er verðbréfafyrirtæki sem fellur undir 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.	„true“ – já „false“ – nei
6	Auðkenniskóði framlagningaraðila	Kóði sem er notaður til að auðkenna aðilann sem leggur fram viðskiptaskýrsluna til lögbæra yfirvaldsins í samræmi við 7. mgr. 26. gr. Reglugerðar (ESB) nr. 600/2014. Ef framkvæmdarfyrirtækið sendir skýrsluna beint til lögbæra yfirvaldsins skal tilgreina auðkenni lögaðila fyrir framkvæmdarfyrirtækið (ef framkvæmdarfyrirtækið er lögaðili). Ef viðskiptavettvangur leggur fram skýrsluna skal tilgreina auðkenni lögaðila fyrir rekstraraðila viðskiptavettvangsins. Ef viðurkennt skýrslugjafarkerfi leggur fram skýrsluna skal tilgreina auðkenni lögaðila fyrir viðurkennda skýrslugjafarkerfið.	{LEI}

#### Upplýsingar um kaupendur

- Fyrir sameiginlega reikninga skal endurtaka reiti 7–11 fyrir hvern kaupanda.
- Séu viðskiptin vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 4. gr. framseldrar reglugerðar skal móttökufyrirtækið fylla út reiti 7-15 í tilkynningu sinni og nota til þess upplýsingarnar sem berast frá miðlunarfyirtækinu.
- Séu viðskiptin vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa ekki uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 4. gr. skal móttökufyrirtækið meðhöndla miðlunarfyirtækið sem kaupanda.

7	Auðkenniskóði kaupanda	Kóði sem er notaður til að auðkenna þann sem aflar fjármálagernings. Nota skal auðkenniskóða lögaðila fyrir þann sem aflar gerningsins þegar hann er lögaðili. Nota skal auðkennið sem tilgreint er í 6. gr. ef hann er ekki lögaðili. Nota skal auðkenniskóða lögaðila fyrir miðlæga mótaðilann ef viðskiptin voru framkvæmd á viðskiptavettvangi eða á skipulegum viðskiptaverkvangi utan Sambandsins sem notar miðlægan mótaðila og þegar ekki er gefið upp hver sá sem aflar gerningsins er. Nota skal markaðsauðkenniskóða viðskiptavettvangsins eða skipulega viðskiptaverkvangsins utan Sambandsins ef viðskiptin voru framkvæmd á viðskiptavettvangi eða á skipulegum viðskiptaverkvangi utan Sambandsins sem notar ekki miðlægan mótaðila og ef ekki er gefið upp hver sá sem aflar gerningsins er. Ef sá sem aflar gerningsins er verðbréfafyrirtæki sem kemur fram sem innmiðlari skal nota auðkenni lögaðila fyrir innmiðlarann. Nota skal „INTC“ til að tilgreina söfnunarreikning viðskiptavina innan verðbréfafyrirtækis til að greina frá millifærslu inn á eða af þeim reikningi með tengdri úthlutun til staks/stakra viðskiptavina(r) af eða á þann reikning, í sömu röð.	{LEI} {MIC} {NATIONAL_ID} „INTC“
---	------------------------	--	---



N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
		<p>Sé um að ræða valrétti og skiptirétti skal kaupandinn vera mótaðilinn sem hefur réttinn til að nýta valréttinn og seljandinn vera mótaðilinn sem selur valréttinn og tekur við gjaldi.</p> <p>Sé um er ræða framtíðarsamninga og framvirka samninga, aðra en sem varða gjaldmiðla, skal kaupandinn vera mótaðilinn sem kaupir gerninginn og seljandinn vera mótaðilinn sem selur gerninginn.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða verðbréf skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur áhættuna af verðbreytingum á undirliggjandi verðbréfum og tekur við fjárhæð verðbréfsins. Seljandinn skal vera mótaðilinn sem greiðir fjárhæð verðbréfsins.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða vexti og verðbólguvísitölur skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir föstu vextina. Seljandinn skal vera mótaðilinn sem tekur við föstu vöxtunum. Sé um að ræða skiptasamninga um breytilega vexti (vaxtaskiptasamninga með gagnkvæmt breytilegum vöxtum) skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir álagið og seljandinn mótaðilinn sem tekur við álaginu.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga og framvirka samninga sem varða gjaldmiðla og skiptasamninga milli gjaldmiðla skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við gjaldmiðlinum sem er fremstur í stafrófsröð samkvæmt ISO 4217 staðlinum og seljandinn skal vera mótaðilinn sem afhendir þennan gjaldmiðil.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða arðgreiðslur skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við viðkomandi eiginlegum arðgreiðslum. Seljandinn er mótaðilinn sem greiðir arðinn og tekur við föstu greiðslunum.</p> <p>Sé um að ræða afleiðugerninga til yfirfærslu á greiðslufallsáhættu, að undanskildum valréttum og skiptiréttum, skal kaupandinn vera mótaðilinn sem kaupir vörnina. Seljandinn er mótaðilinn sem selur vörnina.</p> <p>Sé um er að ræða afleiðusamning sem varðar hrávörur skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við hrávörunni eins og tilgreint er í tilkynningunni og seljandinn vera mótaðilinn sem afhendir þessa hrávöru.</p> <p>Sé um að ræða framvirka vaxtasamninga skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir föstu vextina og seljandinn mótaðilinn sem tekur við föstu vöxtunum.</p> <p>Sé um að ræða hækkun á grundvallarfjárhæð skal kaupandinn vera sá sami og sá sem aflar fjármálagerningsins í upphaflegu viðskiptunum og seljandinn vera sá sami og lætur af hendi fjármálagerninginn í upphaflegu viðskiptunum.</p> <p>Sé um að ræða lækun á grundvallarfjárhæð skal kaupandinn vera sá sami og lætur fjármálagerninginn af hendi í upphaflegu viðskiptunum og seljandinn vera sá sami og sá sem aflar fjármálagerningsins í upphaflegu viðskiptunum.</p>	

**Viðbótarupplýsingar**

- Reitir 8–15 eiga aðeins við ef kaupandinn er viðskiptavinur
- Reitir 9–11 eiga aðeins við ef kaupandinn er einstaklingur

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
8	Land útibús fyrir kaupandann	Þegar sá sem aflar gerningsins er viðskiptavinur skal í þessum reit tilgreina land útibúsins sem tók við fyrirmælunum frá viðskiptavininum eða tók fjárfestingarákvörðun fyrir viðskiptavininn í samræmi við umboð til ákvarðanatöku sem viðskiptavinurinn veitti því, eins og krafist er í 3. mgr. 14. gr. Ef viðskiptin fóru ekki fram í útibúi skal tilgreina landskóða heimaaðildarríkis verðbréfafyrirtækisins eða landskóða landsins þar sem höfuðstöðvar eða skráð skrifstofa verðbréfafyrirtækisins hefur staðfestu (sé um að ræða fyrirtæki í þriðja landi). Séu viðskiptin vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 4. gr. skal fylla út þennan reit með upplýsingunum frá miðlunarfyrtækinu.	{COUNTRYCODE_2}
9	Eiginnafn eða -nöfn kaupanda	Fullt eiginnafn eða -nöfn kaupandans. Sé um að ræða fleiri en eitt eiginnafn skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
10	Kenninafn eða -nöfn kaupanda	Fullt kenninafn eða -nöfn kaupandans. Sé um er að ræða fleiri en eitt kenninafn skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
11	Fæðingardagur og -ár kaupanda	Fæðingardagur og -ár kaupandans	{DATEFORMAT}

#### Ákvörðunartaki kaupanda

— Reitir 12–15 eiga aðeins við ef sá sem tekur ákvörðunina gerir það samkvæmt heimild til fyrirsvars

12	Kóði ákvörðunartaka	Kóði sem auðkennir einstaklinginn sem tekur ákvörðunina um að eignast fjármálagerninginn. Taki verðbréfafyrirtæki ákvörðunina skal í þessum reit tilgreina verðbréfafyrirtækið en ekki einstaklinginn sem tekur fjárfestingarákvörðunina. Nota skal auðkenniskóða lögaðila fyrir ákvörðunartakann ef hann er lögaðili. Nota skal auðkennið sem tilgreint er í 6. gr. ef ákvörðunartakinn er ekki lögaðili.	{LEI} {NATIONAL_ID}
----	---------------------	---	------------------------

#### Upplýsingar um ákvörðunartaka kaupanda

— Reitir 13–15 eiga aðeins við ef sá sem tekur ákvörðunina er einstaklingur

13	Ákvörðunartaki um kaup – eiginnafn/-nöfn	Fullt eiginnafn/-nöfn ákvörðunartaka kaupandans. Sé um að ræða fleiri en eitt eiginnafn skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu.	{ALPHANUM-140}
14	Ákvörðunartaki um kaup – kenninafn/-nöfn	Fullt kenninafn/-nöfn ákvörðunartaka kaupandans. Sé um fleiri en eitt kenninafn að ræða skulu öll nöfnin vera nefnd í þessum reit og aðskilin með kommu	{ALPHANUM-140}

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
15	Ákvörðunartaki um kaup – fæðingardagur og -ár	Fæðingardagur og ár þess sem tekur ákvörðun fyrir kaupandann	{DATEFORMAT}

### Upplýsingar um seljanda og ákvörðunartaka

- Fyrir sameiginlega reikninga skal endurtaka reiti 16–20 fyrir hvern seljanda.
- Séu viðskiptin fyrir seljanda vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 4. gr. skal móttökufyrirtækið fylla út reiti 16–24 í tilkynningu sinni og nota til þess upplýsingarnar sem berast frá miðlunarfyirtækinu.
- Sé miðlunin vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa ekki uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 4. gr. skal móttökufyrirtækið meðhöndla miðlunarfyirtækið sem seljanda.

16	Auðkenniskóði seljanda	<p>Kóði til að auðkenna þann sem lætur fjármálagerninginn af hendi.</p> <p>Nota skal auðkenniskóða lögaðila fyrir þann sem lætur gerninginn af hendi ef hann er lögaðili.</p> <p>Nota skal auðkennið sem tilgreint er í 6. gr. ef sá sem lætur gerninginn af hendi er ekki lögaðili.</p> <p>Nota skal auðkenniskóða lögaðila fyrir miðlæga mótaðilann ef viðskiptin voru framkvæmd á viðskiptavettvangi eða á skipulegum viðskiptavervangum utan Sambandsins sem notar miðlægan mótaðila og þegar ekki er gefið upp hver sá sem lætur gerninginn af hendi er.</p> <p>Nota skal markaðsauðkenniskóða viðskiptavettvangsins eða skipulega viðskiptavervangssins utan Sambandsins ef viðskiptin voru framkvæmd á viðskiptavettvangi eða á skipulegum viðskiptavervangum utan Sambandsins sem notar ekki miðlægan mótaðila og ef ekki er gefið upp hver sá sem lætur gerninginn af hendi er.</p> <p>Ef sá sem lætur gerninginn af hendi er verðbréfafyrirtæki sem kemur fram sem innmiðlari skal nota auðkenni lögaðila fyrir innmiðlarann.</p> <p>Nota skal „INTC“ til að tilgreina safnreikning viðskiptavina innan verðbréfafyrirtækis til að greina frá millifærslu inn á eða af þeim reikningi með tengdri úthlutun til staks/stakra viðskiptavina(r) af eða á þann reikning, í sömu röð.</p> <p>Sé um að ræða valrétti og skiptirétti skal kaupandinn vera mótaðilinn sem hefur réttinn til að nýta valréttinn og seljandinn vera mótaðilinn sem selur valréttinn og tekur við gjaldi.</p> <p>Sé um að ræða framtíðarsamninga og framvirka samninga, aðra en sem varða gjaldmiðla, skal kaupandinn vera mótaðilinn sem kaupir gerninginn og seljandinn vera mótaðilinn sem selur gerninginn.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða verðbréf skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur áhættuna af verðbreytingum á undirliggjandi verðbréfum og tekur við fjárhæð verðbréfsins. Seljandinn skal vera mótaðilinn sem greiðir fjárhæð verðbréfsins.</p>	<p>{LEI}</p> <p>{MIC}</p> <p>{NATIONAL_ID}</p> <p>„INTC“</p>
----	------------------------	---	--

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
		<p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða vexti og verðbólguvísitölur skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir föstu vextina. Seljandinn skal vera mótaðilinn sem tekur við föstu vöxtunum. Sé um að ræða skiptasamninga um breytilega vexti (vaxtaskiptasamninga með gagnkvæmt breytilegum vöxtum) skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir álagið og seljandinn mótaðilinn sem tekur við álaginu.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga og framvirka samninga sem varða gjaldmiðla og skiptasamninga milli gjaldmiðla skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við gjaldmiðlinum sem er fremstur í stafrófsröð samkvæmt ISO 4217 staðlinum og seljandinn skal vera mótaðilinn sem afhendir þennan gjaldmiðil.</p> <p>Sé um að ræða skiptasamninga sem varða arðgreiðslur skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við viðkomandi eiginlegum arðgreiðslum. Seljandinn er mótaðilinn sem greiðir arðinn og tekur við föstu greiðslunum.</p> <p>Sé um að ræða afleiðugerninga til yfirfærslu á greiðslufallsáhættu, að undanskildum valréttum og skiptiréttum, skal kaupandinn vera mótaðilinn sem kaupir vörnina. Seljandinn er mótaðilinn sem selur vörnina.</p> <p>Sé um er að ræða afleiðusamning sem varðar hrávörur skal kaupandinn vera mótaðilinn sem tekur við hrávörunni eins og tilgreint er í tilkynningunni og seljandinn vera mótaðilinn sem afhendir þessa hrávöru.</p> <p>Sé um að ræða framvirka vaxtasamninga skal kaupandinn vera mótaðilinn sem greiðir föstu vextina og seljandinn mótaðilinn sem tekur við föstu vöxtunum.</p> <p>Sé um að ræða hækkun grundvallarfjárhæðar skal seljandinn vera sá sami og sá sem lætur gerninginn afhendi í upphaflegu viðskiptunum.</p> <p>Sé um að ræða lækkun grundvallarfjárhæðar skal seljandinn vera sá sami og sá sem aflar gerningsins í upphaflegu viðskiptunum.</p>	
17–24	<b>Reitir 17–24 endurspeglu alla reiti á bilinu 8–15 sem tengjast kaupandanum (upplýsingar um kaupanda og ákvörðunartaka) fyrir seljandann.</b>		

**Miðlunarupplýsingar**

- Reitir 26 og 27 skulu aðeins fylltir út fyrir viðskiptaskýrslur af móttökufyrirtæki þegar öll skilyrðin fyrir miðlun í 4. gr. hafa verið uppfyllt.
- Komi fyrirtæki fram bæði sem móttökufyrirtæki og miðlunarfyrtæki skal það fylla út reit 25 til að tilgreina að það sé miðlunarfyrtæki og fylla út reiti 26 og 27 út frá hlutverki sínu sem móttökufyrirtæki.

25	Vísir um miðlun fyrirmæla	miðlunarfyrtækið skal fylla út reitinn með orðinu „true“ í skýrslu miðlunarfyrtækisins ef skilyrðin fyrir miðlun sem tilgreind eru í 4. gr. voru ekki uppfyllt „false“ – í öllum öðrum aðstæðum	„true“ „false“
26	Auðkenniskóði miðlunarfyrtækis fyrir kaupandann	Kóði til að auðkenna fyrirtækið sem miðlar fyrirmælunum Þetta skal fyllt út af móttökufyrirtækinu í skýrslu móttökufyrirtækisins með auðkenniskóðanum sem miðlunarfyrtækið útvegar.	{LEI}

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
27	Auðkenniskóði miðlunarfyrtækis fyrir seljandann	Kóði til að auðkenna fyrirtækið sem miðlar fyrirmælum. Þetta skal fyllt út af móttökufyrirtækinu í skýrslu móttökufyrirtækisins með tilgreiningu á auðkenniskóðanum sem miðlunarfyrtækið útvegar.	{LEI}

#### Viðskiptaupplýsingar

28	Viðskiptadagur og -tími	<p>Dagsetning og tími þegar viðskiptin voru framkvæmd.</p> <p>Að því er varðar viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi skal nákvæmnistigið vera í samræmi við þær kröfur sem tilgreindar eru í 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 (?).</p> <p>Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skulu dagsetning og tími vísa til þess tímapunkts þegar aðilar samþykkja innihald eftirfarandi reita: magn, verð, gjaldmiðlar í reitum 31, 34 og 44, auðkenniskóði gernings, flokkun gernings og kóði undirliggjandi gernings, eftir atvikum. Að því er varðar viðskipti sem eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skal tilgreindur tími miðast a.m.k. við nálægustu sekúndu.</p> <p>Leiði viðskiptin af fyrirmælum sem fyrirtækið sem framkvæmir þau leggur fram fyrir hönd viðskiptavinar þriðja aðila og skilyrðin fyrir framlagningu sem tilgreind eru í 4. gr. voru ekki uppfyllt skal tilgreina dagsetningu og tíma viðskiptanna frekar en framlagningar fyrirmællanna.</p>	{DATE_TIME_FORMAT}
29	Viðskiptahlutverk	<p>Upplýsingar um hvort viðskiptin leiða af því að framkvæmdarfyrtækið framkvæmi pöruð miðlara-viðskipti (e. <i>matched principal trading</i>) skv. 38. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB eða stundi viðskipti fyrir eigin reikning skv. 6. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.</p> <p>Leiði viðskiptin ekki af því að framkvæmdarfyrtækið framkvæmi pöruð miðlaraviðskipti eða stundi viðskipti fyrir eigin reikning skal reiturinn tilgreina að viðskiptin hafi verið framkvæmd út frá öðru hlutverki.</p>	<p>„DEAL“ – Viðskipti fyrir eigin reikning</p> <p>„MTCH“ – Pöruð miðlara-viðskipti</p> <p>„AOTC“ – Annað hlutverk</p>
30	Magn	<p>Fjöldi eininga fjármálagerningsins eða fjöldi afleiðusamninga í viðskiptunum.</p> <p>Nafnvirði eða peningalegt virði fjármálagerningsins.</p> <p>Sé um að ræða veðjun á verðbil skal magnið vera peningagildið sem lagt er undir á hverja punkta-hreyfingu í undirliggjandi fjármálagerningi.</p> <p>Sé um að ræða skuldatryggingu skal magnið vera grundvallarfjárhæðin sem vernd er fengin fyrir eða veitt.</p> <p>Sé um að ræða hækkun eða lækkun á grundvallarfjárhæð afleiðusamninga skal talan endurspegla tölugildi breytingarinnar og gefin upp sem jákvæð tala.</p> <p>Upplýsingar sem veittar eru í þessum reit skulu vera í samræmi við gildin sem tilgreind eru í reitum 33 og 46.</p>	{DECIMAL-18/17} ef magnið er gefið upp sem fjöldi eininga {DECIMAL-18/5} ef magnið er gefið upp sem peningagildi eða nafnvirði.

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
31	Gjaldmiðill magns	Gjaldmiðill sem magnið er gefið upp í. Á aðeins við ef magnið er gefið upp sem nafnvirði eða peningagildi.	{CURRENCYCODE_3}
32	Hækkun eða lækkun á grundvallarfjárhæð afleiðu	Upplýsingar um hvort viðskiptin séu hækkun eða lækkun á grundvallarfjárhæð afleiðusamnings. Reiturinn á aðeins við þegar grundvallarfjárhæð afleiðusamnings breytist.	„INCR“ – hækkun „DECR“ – lækkun
33	Verð	Verð sem viðskiptin fara fram á að undanskildum, ef við á, þóknunum og áföllnum vöxtum. Sé um að ræða valréttarsamninga skal það vera gjaldið (e. <i>premium</i> ) samkvæmt afleiðusamningnum fyrir hvern undirliggjandi þátt eða vísitölustig. Sé um að ræða veðjun á verðbil (e. <i>spread bets</i> ) skal það vera viðmiðunarverð undirliggjandi gernings. Sé um að ræða skuldatryggingu skulu það vera vextirnir í grunnpunktum. Sé verðið tilkynnt í peningafjárhæðum skal gefa það upp í helstu gjaldmiðilseiningunni. Liggi verðið ekki fyrir en þess er beðið skal gildið vera „PNDG“ Eigi verð ekki við skal gildið vera „NOAP“. Upplýsingar sem veittar eru í þessum reit skulu vera í samræmi við gildin sem tilgreind eru í reitum 30 og 46.	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningafjárhæð. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem prósentu eða ávöxtun {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum „PNDG“ ef verðið liggur ekki fyrir. „NOAP“ ef verð á ekki við.
34	Gjaldmiðill verðs	Gjaldmiðillinn sem verðið er gefið upp í (á við ef verðið er gefið upp sem peningafjárhæð).	{CURRENCYCODE_3}
35	Hrein fjárhæð	Með hreinni fjárhæð viðskipta er átt við peningafjárhæðina sem kaupandi skuldagerðingarsins greiðir við uppgjör viðskiptanna. Peningafjárhæðin nemur: (verði skuldabréfs án áfallinna vaxta * grundvallarfjárhæð)+áfallnir vextir. Því felur hrein fjárhæð viðskipta ekki í sér þóknunir eða önnur gjöld sem lögð eru á kaupanda skuldagerðingarsins. Reiturinn á einungis við þegar fjármálagerningurinn er skuldagerðingur.	{DECIMAL-18/5}
36	Vettvangur	Tilgreining vettvangs þar sem viðskiptin voru framkvæmd. Nota skal ISO 10383 markaðsauðkenniskóða markaðshluta (e. <i>segment MIC</i> ) fyrir viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi, hjá innmiðlara eða á skipulegum viðskiptaverkvangi utan Sambandsins. Sé markaðsauðkenniskóði markaðshluta ekki fyrir hendi skal nota markaðsauðkenniskóða rekstraraðila (e. <i>operating MIC</i> ). Nota skal markaðsauðkenniskóðann „XOFF“ um fjármálagerninga sem teknir eru til viðskipta eða sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, eða sem óskað var eftir að teknir yrðu til viðskipta, ef viðskiptin með viðkomandi fjármálagerning eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi, hjá innmiðlara eða á skipulegum viðskiptaverkvangi utan Sambandsins, eða ef verðbréfafyrirtæki veit ekki að það á í viðskiptum við annað verðbréfafyrirtæki sem kemur fram sem innmiðlari.	{MIC}

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
		Nota skal markaðsauðkenniskóðann „XXXX“ um fjármálagerninga sem hvorki hafa verið teknir til viðskipta né eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi og sem hvorki hefur verið óskað eftir að verði teknir til viðskipta né eru í viðskiptum á skipulögðum viðskiptaverkvangi utan Sambandsins en þar sem undirliggjandi þátturinn hefur verið tekinn til viðskipta eða viðskipti eru með hann á viðskiptavettvangi.	
37	Land þar sem útibú á aðild	<p>Kóði til að auðkenna land þess útibús verðbréfa-fyrirtækisins sem átti þá aðild að markaði sem notuð var til að framkvæma viðskiptin.</p> <p>Ef aðild útibús að markaði var ekki notuð skal í þessum reit tilgreina landskóða heimaaðildarríkis verðbréfa-fyrirtækisins eða landskóða landsins þar sem höfuðstöðvar eða skráð skrifstofa fyrirtækisins hefur staðfestu (sé um að ræða fyrirtæki í þriðja landi).</p> <p>Einungis skal fylla þennan reit út fyrir markaðshlið viðskipta sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi eða á skipulegum viðskiptaverkvangi utan Sambandsins.</p>	{COUNTRYCODE_2}
38	Fyrirframreiðsla	<p>Peningagildi fyrirframreiðslu sem seljandinn tekur við eða greiðir.</p> <p>Taki seljandinn við fyrirframreiðslunni er gildið sem fært er inn jákvætt. Inni seljandinn fyrirframreiðsluna af hendi er gildið sem fært er inn neikvætt.</p>	{DECIMAL-18/5}
39	Gjaldmiðill fyrirframreiðslu	Gjaldmiðill fyrirframreiðslunnar	{CURRENCYCODE_3}
40	Auðkenni þáttar í fjölþættum viðskiptum	<p>Auðkenni innan skýrslugjafarfyrirtækisins til að auðkenna allar skýrslur sem tengjast sömu framkvæmd á samblandi fjármálagerninga í samræmi við 12. gr. Kóðinn verður að vera einkvæmur á stigi fyrirtækisins fyrir þá samstæðu af skýrslum sem tengjast framkvæmdinni.</p> <p>Reiturinn á aðeins við ef skilyrðin sem tilgreind eru í 12. gr. eiga við.</p>	{ALPHANUM-35}

#### Upplýsingar um gerning

41	Auðkenniskóði gernings	<p>Kóði til að auðkenna fjármálagerninginn</p> <p>Þessi reitur gildir um fjármálagerninga sem óskað hefur verið eftir að teknir verði til viðskipta, sem teknir hafa verið til viðskipta eða hafa verið í viðskiptum á viðskiptavettvangi eða hjá innmiðlara. Hann gildir einnig um fjármálagerninga sem hafa ISIN-númer og viðskipti eru með á skipulegum viðskiptaverkvangi utan Sambandsins ef undirliggjandi þátturinn er fjármálagerningur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi.</p>	{ISIN}
----	------------------------	---	--------

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
---	--------	-------------------------	--

**Reitir 42–56 gilda ekki þegar:**

viðskipti eru framkvæmd á viðskiptavettvangi eða hjá verðbréfafyrirtæki sem kemur fram sem innmiðlari eða fyllt er út í reit 41 með ISIN-númeri sem er á skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar yfir tilvísunargögn (e. *reference data list*)

42	Fullt nafn gernings	Fullt nafn fjármálagerningsins	{ALPHANUM-350}
43	Flokkun gernings	Flokkunarkerfi sem er notað til að flokka fjármálagerninginn Fullgerður og réttur CFI-kóði skal lagður fram.	{CFI_CODE}
44	Undirliggjandi gjaldmiðill 1	Gjaldmiðillinn sem grundvallarfjárhæðin er í. Sé um að ræða vaxta- eða gjaldeyrisafleiðusamning er þetta grundvallargjaldmiðill 1. leggjar eða gjaldmiðill 1 í parinu. Sé um að ræða skiptirétt þar sem undirliggjandi skiptasamningur er einmynta skal þetta vera grundvallargjaldmiðill undirliggjandi skiptasamningsins. Sé um að ræða skiptirétt þar sem undirliggjandi skiptasamningurinn er fjölmynta skal þetta vera undirliggjandi gjaldmiðill 1. leggjar í skiptasamningnum.	{CURRENCYCODE_3}
45	Undirliggjandi gjaldmiðill 2	Sé um að ræða fjölmynta skiptasamninga eða skiptasamninga milli tveggja gjaldmiðla skal gjaldmiðillinn vera sá sem 2. leggur samningsins er í. Sé um að ræða skiptirétt þar sem undirliggjandi skiptasamningur er fjölmynta, gjaldmiðillinn sem 2. leggur skiptasamningsins er gefinn upp í	{CURRENCYCODE_3}
46	Verðmargfaldari	Fjöldi eininga undirliggjandi gernings í einum afleiðusamningi. Peningagildi sem fellur undir stakan skiptasamning, þar sem magnreiturinn sýnir fjölda skiptasamninga í viðskiptunum. Sé um að ræða framtíðarsamning eða valrétt á vísitölu, fjárhæðin á hvert vísitölustig. Sé um að ræða veðjun á verðbil, verðhreyfing undirliggjandi gernings sem veðjunin byggist á. Upplýsingar sem veittar eru í þessum reit skulu vera í samræmi við gildin sem tilgreind eru í reitum 30 og 33.	{DECIMAL-18/17}
47	Kóði undirliggjandi gernings	ISIN-númer undirliggjandi gernings. Sé um að ræða amerísk heimildarskírteini (e. ADRs), alþjóðleg heimildarskírteini (e. GDRs) og svipaða gerninga skal tilgreina ISIN-númer fjármálagerningsins sem þessir gerningar byggjast á. Sé um að ræða breytanleg skuldabréf skal tilgreina ISIN-númer gerningsins sem skuldabréfið er breytanlegt í. Sé um að ræða afleiður eða aðra gerninga með undirliggjandi þátt, ISIN-númer undirliggjandi gernings ef hann hefur verið tekinn til viðskipta eða viðskipti eru með hann á viðskiptavettvangi. Sé undirliggjandi þátturinn arður af hlutabréfi, ISIN-númer viðkomandi hlutabréfs sem veitir rétt til hins undirliggjandi arðs.	{ISIN}



N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
		<p>Sé um að ræða skuldatryggingu skal gefa upp ISIN-númer viðmiðunarskuldbindingarinnar.</p> <p>Sé undirliggjandi þátturinn vísitala og hefur ISIN-númer, þá ISIN-númer þeirrar vísitölu.</p> <p>Sé undirliggjandi þátturinn karfa skal gefa upp öll ISIN-númer fyrir hvern innihaldshluta körfunnar sem tekinn hefur verið til viðskipta eða viðskipti eru með á viðskiptavettvangi. Reit 47 skal endurtaka eins oft og þörf er á til að telja upp alla tilkynningarskylda gerninga í körfunni.</p>	
48	Heiti undirliggjandi vísitölu	Ef undirliggjandi þátturinn er vísitala skal tilgreina heiti hennar.	{INDEX} eða {ALPHANUM-25} — ef vísitalan er ekki á {INDEX} listanum
49	Gildistími undirliggjandi vísitölu	Ef undirliggjandi þátturinn er vísitala skal tilgreina gildistíma hennar.	{INTEGER-3}+„DAYS“ – dagar {INTEGER-3}+„WEEK“ – vikur {INTEGER-3}+„MNTH“ – mánuðir {INTEGER-3}+„YEAR“ – ár
50	Tegund valréttar	<p>Tilgreining á því hvort afleiðusamningurinn er kaupréttur (réttur til að kaupa ákveðna undirliggjandi eign) eða söluréttur (réttur til að selja ákveðna undirliggjandi eign) eða að ekki sé unnt að ákvarða hvort um er að ræða kauprétt eða sölurétt á tíma framkvæmdarinnar.</p> <p>Sé um að ræða skiptirétt skal hann vera:</p> <p>— „PUTO“, sé um að ræða skiptirétt viðtakanda, þar sem kaupandinn hefur rétt til að ganga inn í skiptasamning sem viðtakandi á föstum vöxtum.</p> <p>— „CALL“, sé um að ræða skiptirétt greiðanda, þar sem kaupandinn hefur rétt til að ganga inn í skiptasamning sem greiðandi á föstum vöxtum.</p> <p>Sé um að ræða þök og lágmörk skulu þau vera:</p> <p>— „PUTO“, sé um að ræða lágmörk.</p> <p>— „CALL“, sé um að ræða þak.</p> <p>Reiturinn á aðeins við um afleiður sem eru valréttir eða áskriftarréttindi.</p>	„PUTO“ – Söluréttur „CALL“ – Kaupréttur „OTHR“ — sé ekki unnt að ákvarða hvort um er að ræða kauprétt eða sölurétt
51	Lausnarverð	<p>Fyrirframákveðið verð sem eigandinn verður að kaupa eða selja undirliggjandi gerning á, eða tilgreining á því að ekki sé unnt að ákvarða verðið á tíma framkvæmdarinnar.</p> <p>Reiturinn á aðeins við um valrétt eða áskriftarréttindi þar sem unnt er að ákvarða lausnarverð á tíma framkvæmdarinnar.</p> <p>Liggi verðið ekki fyrir en þess er beðið skal gildið vera „PNDG“</p> <p>Eigi lausnarverð ekki við skal ekki fylla þennan reit út.</p>	{DECIMAL-18/13} sé verðið gefið upp sem peningafjárhæð. {DECIMAL-11/10} sé verðið gefið upp sem prósentu eða ávöxtun {DECIMAL-18/17} sé verðið gefið upp í grunnpunktum „PNDG“ ef verðið liggur ekki fyrir

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
52	Gjaldmiðill lausnarverðs	Gjaldmiðill lausnarverðsins	{CURRENCYCODE_3}
53	Tegund nýtingar valréttar	Tilgreining á því hvort aðeins megi nýta valréttinn á tilteknum degi (evrópskur og asískur valréttur), á nokkrum fyrirfram tilgreindum dagsetningum (Bermúða-valréttur) eða hvenær sem er á líftíma samningsins (bandarískur valréttur). Þessi reitur á aðeins við um valrétti, áskriftarréttindi og réttindaskírteini (e. <i>entitlement certificates</i> ).	„EURO“ – evrópskur „AMER“ – bandarískur „ASIA“ – asískur „BERM“ – bermúdaeysskur „OTHR“ – aðrar tegundir
54	Lokagjalddagi	Lokagjalddagi fjármálagerningsins. Reiturinn á aðeins við um skuldagerminga með skilgreindan lokagjalddaga.	{DATEFORMAT}
55	Lokadagsetning	Lokadagsetning fjármálagerningsins. Reiturinn á aðeins við um afleiður með skilgreinda lokadagsetningu.	{DATEFORMAT}
56	Tegund afhendingar	Tilgreining á því hvort viðskiptin eru gerð upp með afhendingu (e. <i>physically</i> ) eða með reiðufé. Ef ekki er unnt að ákvarða afhendingarmáta á tíma framkvæmdarinnar skal gildið vera „OPTL“. Reiturinn á aðeins við um afleiður.	„PHYS“ – uppgjör með afhendingu „CASH“ – Uppgjör með reiðufé „OPTL“ – valkvætt fyrir mótaðila eða þegar þriðji aðili ákvarðar tegundina.

**Miðlari, algrím, undanþágur og vísar**

57	Fjárfestingarákvörðun innan fyrirtækis	Kóði til að auðkenna einstaklinginn eða algrímið innan verðbréfafyrirtækisins sem tekur fjárfestingarákvörðunina. Fyrir einstaklinga skal nota auðkennið sem tilgreint er í 6. gr. Fylla skal út reitinn eins og sett er fram í 8. gr. ef algrím tók fjárfestingarákvörðunina. Reiturinn á aðeins við um fjárfestingarákvörðun innan fyrirtækisins. Séu viðskiptin vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 4. gr. skal móttökufyrirtækið fylla út þennan reit í tilkynningu sinni og nota til þess upplýsingarnar sem berast frá miðlunarfyrirtækinu.	{NATIONAL_ID} – einstaklingar {ALPHANUM-50} – algrím
58	Land útibúsins sem hefur eftirlit með einstaklingnum sem ber ábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni.	Kóði til að auðkenna landið þar sem útibú verðbréfafyrirtækisins er sem hefur eftirlit með einstaklingnum sem ber ábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni, eins og sett er fram í b-lið 3. mgr. 14. gr. Ef útibú hefur ekki eftirlit með einstaklingnum sem ber ábyrgð á fjárfestingarákvörðuninni skal í þessum reit tilgreina landskóða heimaaðildarríkis verðbréfafyrirtækisins eða landskóða landsins þar sem höfuðstöðvar eða skráð skrifstofa fyrirtækisins hefur staðfestu (sé um að ræða fyrirtæki í þriðja landi).	{COUNTRYCODE_2}

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
		<p>Séu viðskiptin vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 4. gr. skal móttökufyrirtækið fylla út þennan reit í tilkynningu sinni og nota til þess upplýsingarnar sem berast frá miðlunarfyrirtækinu.</p> <p>Þessi reitur á ekki við ef algrím tók fjárfestingar-ákvörðunina.</p>	
59	Framkvæmd innan fyrirtækis	<p>Kóði til að auðkenna einstaklinginn eða algrímið innan verðbréfafyrirtækisins sem sér um framkvæmdina.</p> <p>Fyrir einstaklinga skal nota auðkennið sem tilgreint er í 6. gr. Fylla skal út reitinn eins og sett er fram í 9. gr. ef algrím sá um framkvæmdina.</p>	<p>{NATIONAL_ID} – einstaklingar</p> <p>{ALPHANUM-50} – algrím</p>
60	Land útibúsins sem hefur eftirlit með einstaklingnum sem ber ábyrgð á framkvæmdinni.	<p>Kóði til að auðkenna landið þar sem útibú verðbréfafyrirtækisins er sem hefur eftirlit með einstaklingnum sem ber ábyrgð á framkvæmd viðskiptanna eins og sett er fram í c-lið 3. mgr. 14. gr.</p> <p>Ef útibú hefur ekki eftirlit með einstaklingnum sem ber ábyrgð skal í þessum reit tilgreina landskóða heimaaðildarríkis verðbréfafyrirtækisins eða landskóða landsins þar sem höfuðstöðvar eða skráð skrifstofa fyrirtækisins hefur staðfestu (sé um að ræða fyrirtæki í þriðja landi).</p> <p>Þessi reitur á ekki við ef algrím sá um framkvæmdina.</p>	{COUNTRYCODE_2}
61	Undanþáguvísir	<p>Tilgreining á því hvort viðskiptin voru framkvæmd með undanþágu frá gagnsæiskröfum áður en viðskipti fóru fram í samræmi við 4. og 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.</p> <p>Fyrir hlutabréfagerninga:</p> <p>„RFPT“ = viðskipti á grundvelli viðmiðunarverðs</p> <p>„NLIQ“ = umsamin viðskipti með auðseljanlega fjármálagerninga</p> <p>„QILQ“ = umsamin viðskipti með fjármálagerninga sem hafa ekki virkan markað</p> <p>„PRIC“ = umsamin viðskipti sem lúta öðrum skilyrðum en gildandi markaðsverði viðkomandi hlutabréfagerninga.</p> <p>Fyrir aðra gerninga en hlutabréfagerninga:</p> <p>„SIZE“ = viðskipti yfir tiltekinni stærð</p> <p>„ILOQ“ = viðskipti með gerning sem hefur ekki virkan markað</p> <p>Einungis skal fylla þennan reit út fyrir markaðshlið viðskipta sem framkvæmd eru samkvæmt undanþágu á viðskiptavettvangi.</p>	<p>Fyllist út með einu af eftirfarandi flöggum:</p> <p>„RFPT“ – viðmiðunarverð</p> <p>„NLIQ“ – umsamin (auðseljanlegur)</p> <p>„OILQ“ – umsamin (sem hafa ekki virkan markað)</p> <p>„PRIC“ – umsamin (skilyrði)</p> <p>„SIZE“ – yfir tiltekinni stærð</p> <p>„ILOQ“ – gerningur sem hefur ekki virkan markað</p>
62	Skortsöluvísir	<p>Skortsala verðbréfafyrirtækis fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavinar eins og lýst er í 11. gr.</p> <p>Framkvæmi verðbréfafyrirtæki viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar sem er seljandinn og verðbréfafyrirtækinu, sem aðhefst á grundvelli bestu viðleitni (e. <i>best effort basis</i>), er ókleift að ákvarða hvort um er að ræða skortsöluviðskipti skal fylla út þennan reit með „UNDI“</p>	<p>„SESH“ – skortsala án undanþágu</p> <p>„SSEX“ – skortsala með undanþágu</p> <p>„SELL“ – engin skortsala</p> <p>„UNDI“ – upplýsingar ekki tiltækar</p>

N	REITUR	EFNI SEM SKAL KOMA FRAM	SNIÐ OG STAÐLAR SEM NOTA SKAL TIL UPPLÝSINGAGJAFAR
		<p>Séu viðskiptin vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 4. gr. þessarar reglugerðar skal móttökufyrirtækið fylla út þennan reit í tilkynningum sínum og nota til þess upplýsingarnar sem berast frá miðlunarfyrtækinu.</p> <p>Reitur þessi á aðeins við ef gerningurinn fellur undir reglugerð (ESB) nr. 236/2012 og seljandinn er verðbréfafyrirtækið eða viðskiptavinur verðbréfafyrirtækisins.</p>	
63	Eftirviðskiptavísir viðskipta OTC-	<p>Vísir um tegund viðskipta í samræmi við a-lið 3. mgr. 20. gr. og a-lið 5. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.</p> <p>Fyrir alla gerninga:</p> <p>„BENC“ = viðmiðunarviðskipti  „ACTX“ = víxlumboðsviðskipti  „LRGS“ = umfangsmikil viðskipti eftir viðskipti  „ILOQ“ = viðskipti með gerning sem hefur ekki virkan markað  „SIZE“ = viðskipti yfir tiltekinni stærð  „CANC“ = afturkallanir  „AMND“ = breytingar</p> <p>Fyrir hlutabréfagerninga:</p> <p>„SDIV“ = viðskipti í tengslum við sérstakan arð  „RPRI“ = viðskipti með bættu verði  „DUPL“ = tvíteknar viðskiptaskýrslur  „TNCP“ = viðskipti sem hafa ekki áhrif á verðákvörðunarferlið að því er varðar 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.</p> <p>Fyrir aðra gerninga en hlutabréfagerninga:</p> <p>„TPAC“ = pakkaviðskipti  „XFPH“ = færsla um skipti með efnislegri vöru</p>	<p>Fyllist út með einu af eftirfarandi flöggum:</p> <p>„BENC“ – viðmiðunar-  „ACTX“ – víxlumboðs-  „LRGS“ – umfangsmikil  „ILOQ“ – gerningur sem hefur ekki virkan markað  „SIZE“ – yfir tiltekinni stærð  „CANC“ – afturkallanir  „AMND“ = breytingar  „SDIV“ – sérstakur arður  „RPRI“ – viðskipti með bættu verði  „DUPL“ – tvítekning  „TNCP“ – hafa ekki áhrif á verðákvörðunarferlið  „TPAC“ – pakki  „XFPH“ – viðskipti með skiptum á móti efnislegri vöru</p>
64	Hrávöruafleiðuvísir	<p>Tilgreining á því hvort viðskiptin draga úr áhættu með hætti sem unnt er að mæla hlutlægt í samræmi við 57. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.</p> <p>Séu viðskiptin vegna miðlaðra fyrirmæla sem hafa uppfyllt skilyrðin fyrir miðlun sem sett eru fram í 4. gr. skal móttökufyrirtækið fylla út þennan reit í tilkynningum sínum og nota til þess upplýsingarnar sem berast frá miðlunarfyrtækinu. Þessi reitur gildir aðeins um hrávöruafleiðuviðskipti.</p>	<p>„true“ – já  „false“ – nei</p>
65	Vísir um fjármögnunarviðskipti með verðbréf	<p>Fylla skal út í reitinn með orðinu „true“ ef viðskiptin falla undir viðkomandi svið starfsemi en eru undanþegin skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365. Annars „false“.</p>	<p>true – já  false – nei</p>

(<sup>1</sup>) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/580 frá 24. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að halda utan um viðeigandi gögn að því er varðar fyrirmæli með fjármálagerninga (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 193).

(<sup>2</sup>) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/574 frá 7. júní 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 148).

## II. VIÐAUKI

## Landsbundin auðkenni viðskiptavina fyrir einstaklinga sem nota á í viðskiptaskýrslum

ISO 3166 — 1 alpha 2	Heiti lands	Auðkenni í 1. forgangi	Auðkenni í 2. forgangi	Auðkenni í 3. forgangi
AT	Austurríki	CONCAT		
BE	Belgía	Belgískt kenninúmer (Numéro de registre national — Rijksregisternummer)	CONCAT	
BG	Búlgaríá	Búlgarskt persónunúmer	CONCAT	
CY	Kýpur	Vegabréfsnúmer	CONCAT	
CZ	Tékkland	Landsbundið kenninúmer (Rodné číslo)	Vegabréfsnúmer	CONCAT
DE	Þýskaland	CONCAT		
DK	Danmörk	Persónunúmer 10 talna alstafatákn DDMMÁÁXXXX	CONCAT	
EE	Eistland	Eistneskur auðkenniskóði einstaklings (Isikukood)		
ES	Spánn	Auðkennisnúmer hjá skattýfirvöldum (Código de identificación fiscal)		
FI	Finnland	Persónulegur auðkenniskóði	CONCAT	
FR	Frakkland	CONCAT		
GB	Bretland	Breskt almannatrygginganúmer	CONCAT	
GR	Grikkland	10 stafa kóði fjárfestis í rafræna verðbréfaskráningarkerfinu (e. <i>10 DSS Digit Investor Share Code</i> )	CONCAT	
HR	Króatía	Kenninúmer einstaklings (OIB – Osobni identifikacijski broj)	CONCAT	
HU	Ungverjaland	CONCAT		
IE	Írland	CONCAT		
IS	Ísland	Kenninúmer einstaklings (kennitala)		
IT	Ítalía	Skattakóði (Codice fiscale)		
LI	Liechtenstein	Vegabréfsnúmer	Númer landsbundins kennivottorðs	CONCAT

ISO 3166 — 1 alpha 2	Heiti lands	Auðkenni í 1. forgangi	Auðkenni í 2. forgangi	Auðkenni í 3. forgangi
LT	Litáen	Einstaklingskóði (Asmens kodas)	Vegabréfsnúmer	CONCAT
LU	Lúxemborg	CONCAT		
LV	Lettland	Einstaklingskóði (Personas kods)	CONCAT	
MT	Malta	Landsbundið kenninúmer	Vegabréfsnúmer	
NL	Holland	Vegabréfsnúmer	Númer landsbundins kenni- vottorðs	CONCAT
NO	Noregur	11 talna kenninúmer einstaklings (Foedselsnummer)	CONCAT	
PL	Pólland	Landsbundið kenninúmer (PESEL)	Skattanúmer (Numer identyfikacji podat- kowej)	
PT	Portúgal	Skattanúmer (Número de Identificação Fiscal)	Vegabréfsnúmer	CONCAT
RO	Rúmenía	Landsbundið kenninúmer (Cod Numeric Personal)	Vegabréfsnúmer	CONCAT
SE	Svíþjóð	Kenninúmer einstaklings	CONCAT	
SI	Slóvenía	Kenninúmer einstaklings (EMŠO: Enotna Matična Številka Občana)	CONCAT	
SK	Slóvakía	Persónunúmer (Rodné číslo)	Vegabréfsnúmer	CONCAT
<b>Öll önnur lönd</b>		<b>Vegabréfsnúmer</b>	<b>CONCAT</b>	